



RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARMIÐSTÖÐ  
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI

# **Ársskýrsla Sprotasjóðs**

## **úthlutunarárið 2013-2014**



# Efnisyfirlit

Hlutverk Sprotasjóðs .....	1
Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2013-2014.....	1
Umsýsluaðili .....	2
Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2013-2014 .....	2
Úthlutun Sprotasjóðs 2013-2014 .....	3
Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2013-2014 .....	4
Samningar við styrkþega .....	8
Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs.....	9
Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2013 .....	10

## Hlutverk Sprotasjóðs

Sprotasjóður var stofnaður samkvæmt [15. gr. laga nr. 90/2008](#) um leikskóla, [34. gr. Laga nr. 91/2008](#) um grunnskóla og [53. gr. laga nr. 92/2008](#) um framhaldsskóla. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik- grunn- og framhaldsskólum í samræmi við stefnu stjórnvalda og aðalnámskrá viðkomandi skólastiga. Sjá nánar um hlutverk sjóðsins í reglugerð hans [Nr. 242/2009](#).

## Stjórn Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2013-2014

Fyrsti fundur stjórnar vegna úthlutunar var haldinn í desember 2012 og línurnar lagðar fyrir þá vinnu sem fyrir höndum lá í byrjun árs 2013. Lögð var fram tímalína sem samþykkt var að vinna eftir en ákveðið var að flýta umsóknar- og úthlutunarferlinu til að geta tilkynnt niðurstöður úthlutunar fyrr á árinu. Það felur í sér hagræðingu fyrir þá skóla sem fá styrk þannig að þeir geta þá tekið mið af því við skipulagningu komandi skólaárs.

Mennta- og menningamálaráðherra skipaði við stofnun sjóðsins stjórn hans til fjögurra ára. Nokkrar breytingar hafa orðið á setu manna í stjórn og hefur þeirra breytinga áður verið getið í ársskýrslum. Ein breyting varð á þessu úthlutunarári en Finnur Friðriksson kom aftur til baka í stjórn eftir að hafa búið erlendis í eitt ár en Anna Kristín Sigurðardóttir sat í stjórn í hans leyfi.

### **Stjórn Sprotasjóð 2013-2014 var skipuð þannig:**

Sigurjón Mýrdal, formaður, án tilnefningar

Björk Óttarsdóttir, án tilnefningar

Björg Bjarnadóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands

Svandís Ingimundardóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Finnur Friðriksson, tilnefndur af Samstarfsnefnd háskólastigsins.

## Umsýsluaðili

Í fæðingarorlofi Sigrúnar Vésteinsdóttur leysti Gunnhildur Helgadóttir, skrifstofustjóri RHA, hana af sem umsýsluaðili en Sigrún kom til baka og tók aftur við umsýslunni í ágúst 2013. Í maí 2012 var samningur mennta- og menningarmálaráðuneytisins við RHA- Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri, um umsýslu og umsjón Sprotasjóðs, endurnýjaður til 3ja ára og er gildistími hans 1.7.2012 - 30.6.2015.

Meðal starfa umsýsluaðila er að halda utan um að lokaskýrslum og rekstrarreikningum sé skilað á tilskildum tíma og vera styrkþegum innan handar við þau skil. Vel hefur gengið að innheimta þessar skýrslur og þegar umsýsluaðili hefur lesið þær yfir í samkomulagi við styrkþegar þá eru þær birtar á vef Sprotasjóðs [www.sprotasjodur.is](http://www.sprotasjodur.is)

## Starfsemi Sprotasjóðs á úthlutunarárinu 2013-2014

9.-10. nóv. 2012 stóðu Samtök áhugafólks um skólaþróun og Sprotasjóður fyrir Vaxtasprotaráðstefnu þar sem kynnt voru 50 verkefni sem hafa fengið styrk úr Sprotasjóði á árunum 2009 - 2012. Almenn ánægja var með ráðstefnuna og uppi er hugmynd um að endurtaka slíka ráðstefna á nokkurra ára fresti. Á ráðstefnu sem þessari gefst styrkþegum tækifæri til að vekja athygli á og kynna verkefni sín fyrir skólafólki af öllu landinu.

Í samvinnu við umsýsluaðila þá vann stjórn að nokkrum endurbótum á umsóknarvef Sprotasjóðs þar sem reynsla frá síðustu úthlutun sýndi nokkur atriði sem þurfti að lagfæra til að vefurinn yrði notendavænni en þegar var orðið. Vinnu við þessar úrbætur var lokið áður en auglýsing um nýtt úthlutunartímabil var birt en ljóst er þó eftir þetta úthlutunartímabil að enn má bæta og laga vefinn.

Í samstarfi við mennta- og menningarmálaráðherra ákvað stjórn Sprotasjóðs að áherslusvið sjóðsins fyrir úthlutunarárið 2013-2014 yrðu eftirfarandi:

- Mat á námi með hliðsjón af nýjum aðalnámskrám
- Jafnrétti í skólastarfi
- Kynjafræði, kynheilbrigði og klám; – í samhengi við grunnþætti menntunar

Auglýsing um styrkumsóknir var send út af ráðuneytinu í byrjun janúar til birtingar í dagblöðum. Auglýsingin var einnig sett inn á vef ráðuneytisins og umsýsluaðila [www.rha.is](http://www.rha.is) ásamt því voru sendar út tilkynningar til allra leik-, grunn- og framhaldsskóla og þannig vakin athygli á sjóðnum. Umsækjendum var gert að sækja um á rafrænu formi á umsóknavef Sprotasjóðs sem er í stöðugri þróun eins og áður er getið. Umsóknartímabilið var frá 11. janúar - 28. febrúar 2013.

## Úthlutun Sprotasjóðs 2013-2014

Samtals bárust 115 umsóknir til Sprotasjóðs að þessu sinni en það eru talsvert færri umsóknir en bárust við síðustu úthlutun. Heildarupphæð umsókna var rúmlega 227 millj. kr. Stjórn sjóðsins fór yfir umsóknir og gerði tillögur til menntamálaráðherra og ráðherra ákvað að tillögu stjórnar að veita styrki til 40 verkefna að upphæð 45.160.000 kr. Í töflu 1 má sjá hvernig styrkirnar dreifðust milli skólastiga og landshluta.

**Tafla 1.** Dreifing styrkja milli skólastiga og landshluta úthlutunarárið 2013-2014

	Höfuðborgar- svæðið	Reykjanes	Suður-land	Vestur- land	Norðurl.- eystra	Austur- land	Fjöldi	Upphæð
Leikskólar	3	2	1		1		7	9.900.000
Grunnskólar	8	1			5	2	16	16.130.000
Framhaldsskólar	11			1	2		14	15.230.000
Þvert á skólastig		1		1	1		3	3.900.000
<b>Samtals</b>	<b>22</b>	<b>4</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>8</b>	<b>2</b>	<b>40</b>	<b>45.160.000</b>

## Verkefni sem hlutu styrk úr Sprotasjóði 2013-2014

Í töflu 2 má sjá yfirlit yfir þau verkefni sem hlutu styrk úthlutunarárið 2013-2014.

**Tafla 2.** Verkefni sem hlutu styrk fyrir skólaárið 2013-2014

Úthlutun 2013-2014			
Leikskólastig			
Skóli	Nafn verkefnis	Samstarfsaðilar	Úthlutun
Fræðslusvið Garðabæjar	Námsbók barnsins	Leikskólar í Garðabæ	2.500.000 kr.
Heilsuleikskólinn Krókur	'Snemma beygist krókurinn' Úr stöðluðum kynjahlutverkum í kynjajafnrétti.	Skólar ehf.	1.500.000 kr.
Leikskólinn Iðavöllur	Ævintýralegt jafnrétti. Kynjahugmyndir leikskólabarna	Sandra Dudziak (myndlistakennari og listamaður)	1.200.000 kr.
Leikskólinn Laugalandi	Þróa þarf skólann og breyta - þess vegna námskrána skreyta - vil vinna með ART - það val er svo smart - nýtt námsmat og tækninni beita.	Skólaskrifstofa Suðurlands ART á Suðurlandi	1.200.000 kr.
Leikskólinn Laugasól	Sjáðu hvað ég fann	Náttúruskóli Reykjavíkur Ráðgjafi vegna fjölmennningar hjá skóla-og frístundasviði Reykjavíkur	800.000 kr.
Leikskólinn Tjarnarsel	Áskorun og ævintýri: Útinám & fjölnotagarður.	SAGE gardens sf.	1.200.000 kr.
Leikskólinn Ösp	Málrækt sem verkfæri til að móta lýðræðis samfélag í leikskóla	Fellaskóli	1.500.000 kr.

Grunnskólastig			
Skóli	Nafn verkefnis	Samstarfsaðilar	Úthlutun
Brekuskóli Akureyri	Rafrænt nám í Brekkuskóla		1.000.000 kr.
Garðaskóli	Kynheilbrigði og velferð á öllum skólastigum í Garðabæ	Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Leikskóladeild Garðabæjar, Flataskóli, Fjölbrautaskólinn í Garðabæ, Menntaklifið, Fyrirverandi nemendur grunnskólanna í Garðabæ, Álftanesskóli, Hofstaðaskóli, Sjálandsskóli, Félagsmiðstöðin Klakinn, Vífilsskóli, Félagsmiðstöðin Elítan Fé.	2.200.000 kr.
Giljaskóli	Uppbygging jafnréttis/Innleiðing jafnréttisstoðarinnar	Jafnréttisstofa	400.000 kr.
Grunnskóli Reyðarfjarðar	Námsmat í Grunnskóla Reyðarfjarðar	Fræðslusvið Fjarðabyggðar	1.700.000 kr.
Grunnskólinn á Þórshöfn	Grunngildi menntunar og Grunnskólinn á Þórshöfn	Skólastofan	1.000.000 kr.
Heiðarskóli	Mat í þágu náms		800.000 kr.
Hlíðarskóli	Flugið - þróun innra mats á námi	Háskóli Íslands	500.000 kr.
Hvaleyrarskóli	Í upphafi skyldi endirinn skoða		1.000.000 kr.
Kópavogsskóli	Námsmat í þágu nemenda	Menntasvið Kópavogs	480.000 kr.
Krikaskóli	Læsi í Krikaskóla	Jenný Guðbjörnsdóttir	1.650.000 kr.
Lágafellsskóli	Öflug og jöfn	Varmárskóli	1.100.000 kr.
Melaskóli	Melamat (mat á námi með hliðsjón af nýjum aðalnámskrám)	Menntavísindasvið H.Í	450.000 kr.
Rimaskóli	Kynjafræði , jafnréttisfræðsla í grunnskóla	Hanna Björg Vilhjálmsdóttir og Unnur Gísladóttir	750.000 kr.
Seyðisfjarðarskóli	Fjölmening í fámenni.	Seyðisfjarðarkaupstaður og Foreldrafélag Seyðisfjarðarskóla.	750.000 kr.
Skóladeild Akureyrarkaupstaðar	Innleiðing nýrrar aðalnámskrár, mótun og gerð skólanámskrár	Oddeyrarskóli, Giljaskóli, Brekkuskóli, Naustaskóli, Lundarskóli, Glerárskóli, Síðuskóli, Hlíðarskóli, Hríseyjarskóli og Grímseyjarskóli	1.500.000 kr.
Snælandsskóli	Námsmat sem kennsluáferð - sýnileg námsmarkmið	Menntasvið Kópavogs	850.000 kr.



Framhaldsskólastig			
Skóli	Nafn verkefnis	Samstarfsaðilar	Úthlutun
Borgarholtsskóli	Námsmat á mörkum skólastiga	Rimaskóli	1.750.000 kr.
Fjölbrautarskóli Snæfellinga	Kennsluáætlanir í ljósi jafnréttismenntunar, Jafnrétti, kynjafræði, kynheilbrigði og klám - í samhengi við grunnþætti menntunar: lýðræði, mannréttindi og jafnrétti.		1.870.000 kr.
Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Kynvitund og umhverfisáhrif	Dagbjört L. Kjartansdóttir	700.000 kr.
Flensborgarskólinn	Jafnrétti í framkvæmd	Jafnréttisnefnd skólans	350.000 kr.
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Lykilhæfni og námsmat		1.200.000 kr.
Framhaldsskólinn í Mosfellsbæ	Námsumhverfi sem stuðlar að auknu jafnrétti	Háskóli Íslands, Menntavísindasvið Hring sjá	1.300.000 kr.
Kvennaskólinn í Reykjavík	Blómin og býflugurnar	Pörupiltar	800.000 kr.
Kvennaskólinn í Reykjavík	Náin kynni í kynjuðu ljósi	Thomas Brorsen Smidt Pörupiltar	1.300.000 kr.
Menntaskólinn í Kópavogi	Skapandi námsmat í stærðfræði með notkun upplýsingatækni	Menntavísindasvið Háskóla Íslands	1.500.000 kr.
Menntaskólinn í Kópavogi	Fjölbreytt námsmat á matartæknabraut	Fagaðilar úr atvinnulífi, ráðuneyti, VMA	1.200.000 kr.
Menntaskólinn við Sund	Kynjajafnrétti í MS		1.100.000 kr.
Menntaskólinn við Sund	Stytttri námsbraut		1.000.000 kr.
Verkmenntaskólinn á Akureyri	ÉSSXS24, nýr áfangi sem kenndur er við starfsbraut Verkmenntaskólans á Akureyri.	Jafnréttisstofa Aflið Akureyri og Skólahjúkrunarfræðingur Verkmenntaskólans á Akureyri.	600.000 kr.
Verkmenntaskólinn á Akureyri	FÉL273, kynjafræðiáfangi við Verkmenntaskólann á Akureyri	Jafnréttisstofa Aflið Akureyri	560.000 kr.

Þvert á skólastig			
Skóli	Nafn verkefnis	Samstarfsaðilar	Úthlutun
Fræðslusvið Dalvíkurbyggðar	Jafnrétti-setjum gleraugun á nefið	Leikskólinn Krílakot, Leikskólinn Kátakot, Árskógarskóli og Dalvíkurskóli	900.000 kr.
Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar	Námsmat í Skólanámsskrá	Dr. Ingvar Sigurgeirsson	1.200.000 kr.
Skólaskrifstofa Grindavíkur	Ný hugsun í átt að betri framtíð - Námsmat í nýjum búningi	Grunnskóli Grindavíkur, Leikskólinn Laut, Tónlistarskóli Grindavíkur, Heilsuleikskólinn Krókur og Fisktækniskólinn	1.800.000 kr.
<b>Heildarúthlutun</b>			<b>45.160.000 kr.</b>

## Samningar við styrkþega

Umsýsluaðili hófst handa við að senda öllum umsækjendum Sprotasjóðs svör við umsókn þeirra fyrri hluta aprílmánaðar og í kjölfarið var unnið að gerð samninga með styrkþegum og náðist að ljúka þeirri vinnu að mestu í kringum 10. maí. Eins og lagt var upp með þá náðist að flýta öllu ferlinu um ca. einn mánuð þannig að búið var að ná til allra umsækjenda í apríl í stað maí áður sem þýðir meiri hagræðingu í skipulagningu fyrir skólana. Þrátt fyrir umtalsvert færri umsóknir í sjóðinn þetta árið þá þurfti stjórn sjóðsins samt sem áður að úthluta lægri fjárupphæðum en sótt var um til margra verkefna. Nokkrir styrkþegar þurftu því í framhaldinu að endurskoða áætlanir sínar á grundvelli lægri styrkupphæðar og var slík endurskoðun gerð í samvinnu við umsýsluaðila og stjórn sjóðsins.

Sama fyrirkomulag var haft á vinnu við samninga og verið hefur. Umsýsluaðili sendi öllum styrkþegum samning í þríriti til undirritunar, styrkþegar sendu tvö eintök til baka en héldu einu eftir. Umsýsluaðili heldur eftir einu eintaki og sér síðan um að senda eitt eintak til bókhaldssviðs ráðuneytisins sem sér um að greiða út styrkupphæðina samkvæmt þeim greiðsludögum sem kveðið er á um í hverjum samningi fyrir sig og grundvallast af lengd hvers verkefnis og verkáætlun þess.

## Samantekt yfir úthlutunartímabil Sprotasjóðs

Sprotasjóður hefur nú starfað í fimm úthlutunartímabil og í töflu 3 hér fyrir neðan má sjá hvernig styrkirirnir hafa skipst milli skólastiga á þessum fimm tímabilum.

**Tafla 3.** Yfirlit yfir úthlutunarár Sprotasjóðs

	2009-2010		2010-2011		2011-2012		2012-2013		2013-2014		Alls	
	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð
<b>Leikskólar</b>	5	4.000.000	8	3.900.000	6	7.100.000	20	17.700.000	7	9.900.000	46	42.600.000
<b>Grunnskólar</b>	25	17.180.000	25	18.430.000	14	12.900.000	10	7.450.000	16	16.130.000	90	72.090.000
<b>Framhaldsskólar</b>	9	11.900.000	8	11.500.000	10	19.900.000	9	9.550.000	14	15.230.000	50	68.080.000
<b>Þvert á skólastig</b>	5	10.350.000	6	10.950.000	4	4.500.000	7	8.350.000	3	3.900.000	25	38.050.000
<b>Alls</b>	<b>44</b>	<b>43.430.000</b>	<b>47</b>	<b>44.780.000</b>	<b>34</b>	<b>44.400.000</b>	<b>46</b>	<b>43.050.000</b>	<b>40</b>	<b>45.160.000</b>	<b>211</b>	<b>220.820.000</b>

Í töflunni má sjá að sjóðurinn hefur úthlutað rúmum 220 milljónum kr. til 211 þróunarverkefna á þeim fimm úthlutunartímabilum sem liðin eru frá stofnun sjóðsins.

## Rekstaryfirlit Sprotasjóðs í árslok 2013

### SPROTASJÓÐUR 2013

<b>Fjárlagaliður 02-720-134</b>	<b>Fjárheimild</b>	<b>Greitt</b>
Fjárlög	51.500.000	
Frá fyrra ári	4.922.071	
<b>Styrkir:</b>		
Umsýslugjald til RHA, jan. - des. 2013		3.930.000
Bóknun greidd 1.6.2013		264.155
Funda- og ferðakostnaður		270.039
Stefna, hugbúnaðargerð v. umsóknforms		16.350
Auglýsingar		181.376
Internet á Íslandi, hýsing		7.982
Greiddir styrkir skv. úthlutun 2013		25.196.000
Ógreiddir styrkir 2013, en bókaðir		18.964.000
Niðurfelldir og endurgr. eldri styrkir, áður bókaðir og verða hækkun á heimild		-1.050.000
<b>Samtals greitt og bókað 31. desember 2013</b>	<b>56.422.071</b>	<b>47.779.902</b>
<b>Eftirstöðvar</b>		<b>8.642.169</b>
* 1 samningur var ófrágenginn um áramót og verður bókaður 2014		1.000.000